

Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Selfoss, 3.6.2025
UOS2501561/H.M.V.
11.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávika í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 16. desember 2024, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti urðunarstaðar Norðurþings í Laugardal (ID 36) á Húsavík þann 11. september 2024. Þann 13. mars 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Staða eldri frávika:

Opin eru tvö eldri frávik.

Fyrri frávikið var sett fram í eftirliti ársins 2020 og varðar daglegan frágang urðunarreina. Rekstraraðili vann ekki eftir því verklagi sem fjallað er um í starfsleyfi og höfðu ekki farið fram úrbætur á því. Hafði því safnast upp töluvert magn ófrágengis úrgangs inn á urðunarstaðnum (sjá nánari umfjöllun í eftirlitsskýrslu frá 2024).

Samkvæmt rekstraraðila er búið að ganga frá urðunarreinum sbr. frávik nr. 2 hér að neðan. Fallist er á úrbætur en þær verða teknar út við næsta eftirlit.

Annað ólokið frávik var sett fram í eftirliti 2022 og varðar ófullnægjandi skil á niðurstöðum skráninga í ársskýrslu og að staðið sé við skil þess innan tilskilins tímafrests, þ.e. 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Úrbætur hafa ekki gengið eftir, en samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila í dagsettu í bréfi þann 6. desember 2022 stóð til að ráða starfsmann sem myndi sjá um að halda utan um skráningar rekstraraðila. **Búið er að skila skráningum inn vegna ársins 2022. Fallist er á úrbætur en eingöngu verður hægt að loka frávikinum þegar skil verða skv. kröfum**

í starfsleyfi og tímafrestur virtur. Farið verður yfir úrbætur vegna fráviksins í næsta reglubundna eftirliti Umhverfis- og orkustofnunar.

Frávik úr eftirliti ársins 2024 eru eftirfarandi:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Fram fer móttaka og urðun á malbiki inn á urðunarstað. Óvissa er til staðar hvort um ræðir óvirkan úrgang. Rekstraraðili hefur eingöngu heimild til móttöku á óvirkum úrgangi og telst úrgangur eingöngu móttækilegur eftir þeim skilyrðum sem koma fram sbr. tl. 2.1 í II viðauka við rgl. nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Einnig ber móttaka úrgangs að vera í samræmi við rgl.nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Rekstraraðila ber að staðfesta að farið sé eftir skilyrðum til móttöku malbiks í samræmi við viðauka II í rgl. nr. 738/2003 um viðmiðanir og aðferðir við móttöku úrgangs. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur ekki verið tekið við malbiki inn á urðunarstað síðan árið 2023. Ekkert hafi farið inn á urðunarstað árið 2024. Hafa má í huga að malbik er hins vegar blanda af bindiefni gert úr jarðbiki samblandað við jarðvegsefni og því gætir óvissu um hvort um óvirkan úrgang ræðir. Hyggist rekstraraðili taka á móti malbiki inn á urðunarstað, þarf úrgangurinn að uppfylla þau móttökuskilyrði sem að ofan greinir. Fráviki telst lokið.**
2. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Frágangur úrgangs er ekki í samræmi við verklag starfsleyfis (sjá ítarlegri umfjöllun í skýrslu). **Samkvæmt rekstraraðila hefur úrgangur sem var í urðunarrein við úttekt verið byrgður og hefur skriflegum förmælum verið komið á framfæri til umsjónaraðila urðunarstaðar að fylgja því eftir að úrgangur verði byrgður jafnóðum og komið er með hann. Fallist er á úrbætur og verða þær teknar út í næsta reglubundna eftirliti Umhverfis- og orkustofnunar.**
3. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Skráningar vegna tölul. 3 – 4 Liggja ekki fyrir vegna ársins 2023, varðandi stöðu urðunarstaðar og sigmælingar. **Rekstraraðili áætla að bæta úr skráningum er varða lið 3 og 4. Sveitarfélagið mun láta umreikna stöðu urðunarstaðarins og verður það gert fyrir september 2025. Varðandi seinni liðinn, þá mun sveitarfélagið koma fyrir sigplötum til að mæla sig og verður það gert sumarið 2025, á það einnig við um urðunarstað**

Kópaskers. Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbætur rekstraraðila, verða úrbætur teknar út í næsta reglubundna eftirliti stofnunarinnar en í síðasta lagi í lok septembermánaðar 2025.

4. Gr. 5.2 í starfsleyfi. Ekki voru framkvæmdar sýnatökur vegna ársins 2023 þar sem grunnvatnsstaða var lág þegar sýnataka átti að fara fram. Ber rekstraraðila að tryggja að mælibrunnar séu nógu djúpir til að koma á sýnatökum eða að huga að því að sýnatökur séu framkvæmdar með tilliti til veðurfars (þ.e. að sýnatökur séu framkvæmdar utan þurrkatíða). **Rekstraraðili greinir frá því að árið 2023 hafi skapast sérstakar veðurfarslegar aðstæður á Húsavík og NA-landi vegna langvarandi þurrkatímabils og því reyndist ekki mögulegt að draga vatnssýni úr einni af þremur vöktunarholum. Árið 2024 náðist hins vegar að safna sýnum. Til stendur að bora nýjar holur ef vandamál koma aftur upp, en bendir rekstraraðili á að óvíst er hvort þess þurfi. Frávik telst lokið með fyrirvara um að niðurstöður úr sýnatökum liggi fyrir við næstu skil ársyfirlits vegna ársins 2024, í skilum þann 1. maí 2025.**
5. Gr. 5.3. í starfsleyfi. Gæði grunnvatns neðan urðunarstaðar skal meta út frá samsetningu grunnvatns ofan urðunarstaðar. Niðurstöður á mælingum frá árinu 2022 gefa til kynna að mengun er að mælast í grunnvatni neðan urðunarstaðar (mælibrunnur, Hús-B). Rekstraraðila ber að fylgjast með og tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um sérhver skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við eftirlit og vöktun, sbr. 21. gr. rgl. nr. 738/2003. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að verktaki sem framkvæmir sýnatökur og leggi fram niðurstöður út frá vöktun urðunarstaðar hafi vegna óviðráðanlegra aðstæðna ekki náð að skila niðurstöðum innan umsamins tíma og niðurstöðum hafi því verið skilað óvenju seint. Fylgjast þarf sérstaklega með niðurstöðum úr vöktun grunnvatns í næstu skilum. Verða úrbætur teknar út við næsta reglubundna eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar.**

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur